

Frumvarp til laga

um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002 (eignarhald).

Flm.: Katrín Jakobsdóttir.

1. gr.

Á eftir 49. gr. b laganna kemur ný grein, er verður 49. gr. c, ásamt fyrirsögn, svohljóðandi:
Eignaraðild aðila í lágs kattaríki.

Aðili sem telst heimilisfastur í lágs kattaríki eða er beint eða óbeint í endanlegri eigu aðila sem telst heimilisfastur í lágs kattaríki má ekki eiga hlut í fjármálafyrirtæki.

Ríki eða lögsagnarumdæmi telst lágs kattaríki þegar tekjuskattur af hagnaði aðila, sem um ræðir, er lægri en tveir þriðju hlutar af þeim tekjuskatti sem hefði verið lagður á hann hefði hann verið heimilisfastur á Íslandi. Ekki skal þó telja annað aðildarríki sammings um Evrópska efnahagssvæðið eða stofnsammings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyjar lágs kattaríki.

Fjármálaeftirlitið getur veitt aðila hæfilegan frest til að selja hlut sem samræmist ekki ákvæði þessu. Hlutfjáreign sem samræmist ekki ákvæði þessu fylgir ekki atkvæðisréttur.

2. gr.

Á eftir 24. tölul. 1. mgr. 110. gr. laganna kemur nýr tölulíður, svohljóðandi: 49. gr. c um eignaraðild aðila í lágs kattaríki.

3. gr.

Lög þessi taka gildi 1. janúar 2018.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er lagt til að tekið verði fyrir það með lögum að aðilar sem eru heimilisfastir í lágs kattaríki eigi hlut í fjármálafyrirtæki. Skilgreiningin á lágs kattaríki miðast við 2. mgr. 57. gr. a laga um tekjuskatt, nr. 90/2003.

Aflandsfélög og skattaskjól hafa mikið verið til umræðu í íslensku samfélagi undanfarin missiri af eðlilegum orsökum. Þeir sem nýta sér aflandsfélög á lágs kattasvæðum gera það yfirleitt til að greiða ekki af þeim eðlilegan skatt í heimalandinu eða til að leynd eignum sínum enda er að jafnaði ekki gerð krafa um gerð og birtingu ársreikninga í dæmigerðum skattaskjólum og er það hluti þeirrar miklu leyndar sem þar ríkir um fjármálastarfsemi.

Þegar aflandsfélög á lágs kattasvæðum eru orðin verulega stór hluti af fjármálakerfinu hefur það þau áhrif að eðlilegir skattar skila sér ekki til samneyslunnar, þeir skila sér ekki til reksturs velferðarkerfisins, menntakerfisins og annarra mikilvægra samfélagslegra verkefna. Þannig ógnar nýting aflandsfélaga velferðarríkinu. Aðrar afleiðingar eru þær að eignarhald verður ógagnsætt. Það þýðir í raun og veru að eignarhald mikilvægra fyrirtækja og félaga,

á borð við banka og önnur fjármálafyrirtæki, er almenningi hulið sem dregur um leið úr eðli-
legum áhrifum almennings á lykilstofnanir í samfélaginu.

Skattaskjólum fjölgaði til muna og umfang þeirra jókst samfara auknu frelsi til fjármagns-
flutninga og alheimsvæðingu fjármálamarkaða á 9. og 10. áratug síðustu aldar. Jafnframt tóku
alþjóðastofnanir og einstök ríki að berjast gegn þessari starfsemi og neikvæðum afleiðingum
hennar. Efnahags- og framfarastofnunin, OECD, leiddi baráttuna framan af og markaði rit
stofnunarinnar, *Harmful Tax Competition: An Emerging Global Issue*, sem út kom árið 1998,
allnokkur tímamót á þessu sviði. Þar var leitast við að bregðast við þeirri stöðu sem
alþjóðastarfsemin hafði leitt af sér fyrir skattheimtu aðildaríkjanna sem var orðin leiksoppur
alþjóðlegrar samkeppni en hafði fram til þessa mótast af skilgreiningum og stefnumörkun
stjórnvalda í hverju ríki. Meðal þess sem fjallað var um í fyrrnefndu riti voru skattaskjól og
skilgreiningar á þeim, sbr. bls. 21–25, og skrá um slíka staði.

Efnahags- og framfarastofnunin og ýmis ríkjasamtök henni tengd, svo sem G7-, G8- og
G20-hóparnir, hafa skipulagt og tekið þátt í aðgerðum til að vinna gegn starfsemi skatta-
skjóla, einkum með því að stuðla að samningum um upplýsingagjöf við þau. Í þessu skyni
varð til vettvangurinn Global Forum on Transparency and Exchange of Information for Tax
Purposes innan OECD þar sem mótuð var stefna um aðgerðir gegn skattaskjólum og fylgst
með framvindu ráðstafana sem miða að því að uppræta hin skaðlegu áhrif sem af þeim
hljótaskast.¹

Árið 2006 tóku Norðurlönd að vinna að samræmingu aðgerða sinna gegn skattaskjólum
á vegum norrænu ráðherranefndarinnar. Eins og raunin er með ráðstafanir á vegum OECD
felast aðgerðir norrænu ríkjanna einkum í gerð tvíhliða samninga við ríkin sem hýsa skatta-
skjólin um upplýsingagjöf varðandi eignir og skattskil. Alþjóðasamstarf Íslands í skattamál-
um á vettvangi OECD, norrænu ráðherranefndarinnar og ýmissa annarra aðila hefur leitt til
þess að gerðir hafa verið fjölmargir samningar um upplýsingagjöf vegna skattamála á undan-
förnum árum.

Ísland hefur tekið virkan þátt í alþjóðlegu samstarfi á vettvangi OECD, bæði í svokölluð-
um JITSIC-hópi (Joint International Tax Shelter Information & Collaboration) og BEPS-
verkefni (Base Erosion and Profit Shifting). Ísland er auk þess aðili ásamt öðrum norrænum
ríkjum að gerð upplýsingaskiptasamninga og hafa yfir fjörutíu slíkir samningar verið gerðir
á undanförunum árum við ríki sem hafa talist til svokallaðra skattaskjóla. Þá náðist samstaða
á Alþingi haustið 2016 um ýmsar úrbætur á löggjöf til að berjast gegn skattsvikum og voru
m.a. samþykkt ákvæði sem taka á svokallaðri þunnri eiginfjármögnun. Ekki var þó gengið
svo langt að banna eignarhald íslenskra fyrirtækja á aflandssvæðum.

Nú liggur fyrir að hægt er að rekja eignarhald eins þeirra aðila sem hyggjast kaupa hlut
í Arion banka hf. til aflandssvæða og vekur það spurningar um hvort lög og reglur tryggja
nægjanlega vel gagnsætt eignarhald og þar með heilbriggt fjármálakerfi. Hér er því lagt til að
slíkt eignarhald í fjármálafyrirtækjum verði hreinlega bannað. Tiltekið er að þetta eigi við
um aðila með heimilisfesti í lágskattaríki eða beint eða óbeint í endanlegri eigu aðila sem er
heimilisfastur í lágskattaríki. Tilgangurinn er að tryggja gagnsætt eignarhald á fyrirtækjum
sem eru þjóðhagslega mikilvæg og varða almenning og atvinnulíf í landinu en gagnsætt
eignarhald hlýtur að vera undirstaða heilbrigðs fjármálakerfis.

¹ Sbr. <https://www.oecd.org/tax/transparency/>.